Hafnarfjörður

# Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga
vegna Breiðhellu 18



**Hluti Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013 - 2025**
skipulagssvæði merkt með rauðum hring




**Fyrir breytingu** 1:1000

Í gildi er heildardeiliskipulagið Hellnahraun 2. áfangi, samþykkt 15.05.2007 og deiliskipulagið fyrir Breiðhellu 18 sem var samþykkt 09.09.2018.

**Í gildandi skilmálum segir:**

2.3 Byggingarreitir - byggingarlínur

Byggingarreitir húsa eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar vera innan þeirra, einnig svalir, skyggni og léttbyggingar úr gleri. Reitirnir eru rúmir að stærð miðað við nýtingarhlutfall lóðar til þess að gefa svigrúm á skipulagi og staðsetningu bygginga innan lóðar. Bindandi byggingarlína er á hluta byggingarreits og skal hluti byggingar snerta þá línu.
Að öðru leyti er staðsetning bygginga innan hvers byggingarreits frjáls innan þess rammasem reiturinn gefur.
Breytingar geta þó orðið á byggingarreitum við nánari útfærslu mæliblaða.

2.4 Húsagerðir
Húsagerðir eru frjálsar hvað útlit, þakgerð og efnisval varðar að öðru leyti en því að
Hámarksvegghæð útveggja og hámarkshæð á þaki eru gefin.
Mesta hæð útveggja og þaks (V-Þ) frá aðalgólfi (H) er 8.5 metrar.

2.5 Nýtingarhlutfall
Skilmálabreyting var gerð fyrir allt hverfið varðandi nýtingarhlutfall (samþykkt 10.11.2023) eftir breytinguna má það vera að hámarki 0,6 fyrir hús á tveimur hæðum en 0,5 fyrir hús á einni hæð.

2.6 Bílastæði og bílageymslur
Öll bílastæði skulu vera innan viðkomandi lóðar. Bílageymslur með merktum bílastæðum eru taldar sem bílastæði. Miða skal við eitt bílastæði á hverja 50m2
húsnæðis á atvinnulóðum, en eitt bílastæði á hverja 35m2 í skrifstofuhúsnæði.




**Eftir breytingu** 1:1000

Breytingin nær til lóðar nr. 18 við Breiðhellu.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður þannig að hann þeki stóran hluta lóðarinnar og bjóði þar með upp á fleiri lausnir fyrir útfærslu bygginga.

Grunnflötur stækkaðs byggingarreits er 6.798 m2.

Staðsetningum innkeyrslna er breytt.

Að öðru leyti gilda eldri deiliskipulagsskilmálar Hellnahraun 2. áfanga.

Komi til breytinga á götugögnum og/eða lögnum verður það á kostnað lóðarhafa.

Skýringar:




Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur málsmeðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr skipulagslaga 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar þann 29.01.2025

Tillagan var grenndarkynnt frá 23.12. 2024 með athugasemdafresti til 28.01. 2025

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann 12.02. 2025

f.h. skipulagsfulltrúa

Hafnarfjarðarbær
Skipulagsfulltrúi

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA

## Breiðhella 18

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Heiti teikningar : **Deiliskipulagsbreyting** | | Teikninganr. : **D 01** | | **Teikna** • Teiknistofa arkitekta<br>Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík<br>Kaupangi - Mýrarvegi - 600 Akureyri<br>sími: 552 8740 • www.teikna.is | |
| Verknr. : | 24 - 816 | Hannað. : | HG/BK | Dags : | 17.12.2024 |
| Staða : | deiliskipulag | Yfirf. : | JEJ | Útg. dags : | 17.12.2024 |
| Mkv. : | As indicated | Samþ. : | JEJ | Blaðastærð : | A2 |